



Hér í þessum „molum“ er stiklað í gegnum helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 13. febrúar sl.

Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 669 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. mars sl. og er sú tala óbreytt frá því í byrjun febrúar.

Fyrri umræða um ársreikning Dalabyggðar fyrir árið 2024 fór fram hér fyrr á fundinum. Vil ég hér ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem að þeirri umfangsmiklu vinnu hafa komið sem og öllum starfsmönnum Dalabyggðar fyrir þeirra þátt í því að útkoman er eins og raun ber vitni. Reksturinn okkar er viðkvæmur og því mjög dýrmæst sú mikla kostnaðarvitund sem ég upplifi meðal starfsmanna Dalabyggðar og kjörinna fulltrúa, liðsheildin er sterk !





Framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja hafa gengið vel og er verkið á áætlun þrátt fyrir óvænta „ógn“ sem upp kom vegna þungatakmarkana á Þjóðvegi 60. Við sjáum nú þróun verksins ápreifanlega dag frá degi nú þegar byrjað er að reisa límtréssperrur. Verkefnið hefur nú tímabundið áhrif á bílastæði hér í nágrenni framkvæmdasvæðis og umferð – vil ég þakka starfsfólki leik- og grunnskóla sem og Stjórnsýsluhúss fyrir umburðarlyndi sem og nágrönnum okkar hvort sem um er að ræða íbúa á Miðbraut sem og Dalakoti, þetta tekur enda gott fólk og fyrr en varir verður mannvirkið komið í full not.



Fimmtudaginn 27. febrúar var úthlutað úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs í fjórða sinn. Viðburðurinn var haldinn á vinnustofu Guðrúnar Jóhannsdóttur á Stóra Múla að þessu sinni. Frumkvæðissjóður DalaAuðs styrkir bæði samfélagseflandi verkefni og nýsköpun í Dalabyggð. Til úthlutunar voru 19.250.000 krónur og fengu 30 verkefni styrk. Það er gífurlega ánægjulegt að sjá hve mikil gróska er í Dalabyggð. Verkefnin sem hlutu styrk eru fjölbreytt en eiga það öll sameiginlegt að leggja áherslu á að efla samfélagið í Dölunum á einn eða annan hátt. Verður spennandi að fylgjast með framvindu þeirra allra á næstu mánuðum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt beiðni Dalabyggðar um að verkefnið DalaAuður verði framlengt um ár og gildi þar með út árið 2026. DalaAuður hófst árið 2022 og er núverandi samningur í gildi til lok árs 2025. Sveitarstjórn Dalabyggðar óskaði eftir áframhaldandi samstarfs vegna verkefnisins fyrir áramót og hefur Byggðastofnun ákveðið að framlengja verkefnið um eitt ár eða til ársloka 2026.

DalaAuði er ætlað og hefur svo sannarlega veitt byggðalaginu innspýtingu með því að hvetja til nýsköpunar í Dalabyggð og efla frumkvæði íbúa í samfélagslegum verkefnum. Með framlengingu verkefnisins verður hægt að fylgja betur eftir verkefnum sem hafin eru og stuðla að því að gróskan sem hefur sprottið upp úr þátttöku íbúa í DalaAuði verði sjálfbær.



Talandi um DalaAuð, Ársskýrsla DalaAuðs 2024 er komin út og er nú aðgengileg á vef Byggðastofnunar, á heimasíðu Dalabyggðar sem og hér fyrir neðan.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir framgangi verkefnisins árið 2024. Þar er sagt frá þeim verkefnum sem sett hafa verið á dagskrá á íbúafundum, veittum styrkjum úr Frumkvæðissjóði og ýmsum sértækum verkefnum sem hafa fengið styrk úr Byggðaáætlun. Samtals hafa 60 frumkvæðisverkefni hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs í þremur úthlutunum á árunum 2022-2024 en 18 verkefni hlutu styrk árið 2024.

Framgangur starfsmarkmiða hefur verið góður og fjölmörg verkefni komin vel á veg, einhverjum er lokið og flest eru hafin. Eitt nýtt markmið bættist við verkefnisáætlun eftir íbúafund 2024 og nokkrar nýjar aðgerðir.

Um þetta allt og fleira til má lesa í ársskýrslunni hér:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Dalabyggd/arsskyrsla-2024_utgafa.pdf



Ársskýrsla DalaAuðs 2024 komin út



Þingflokkur Viðreisnar var á ferð um Norðvesturkjördæmi sl. kjördæmaviku og gerðu sér heimsókn í Dalabyggð þriðjudaginn 25. febrúar. Heimsóknin hófst á innliti í MS þar sem framleiðsla og starfsemi voru kynnt, þá var farið á starfsstöð Vegagerðarinnar í Búðardal þar sem ástand vega í sveitarfélaginu var m.a. til umræðu. Að því loknu var tekið stutt innlit í Nýsköpunarsetur Dalabyggðar og farið yfir núverandi og tilvonandi uppbyggingu í Búðardal, s.s. íþróttamannvirki og atvinnuhúsnæði. Að því loknu var haldið inn í Hörðudal þar sem þingflokkurinn fundaði með sveitarstjórnarfulltrúum í Dalahyttum áður en þau héldu áfram för sinni um Skógarstrandarveg út á Snæfellsnes. Við þökkum þingflokki Viðreisnar, þingmönnum, ráðherrum og starfsfólki fyrir komuna, samskipti og áheyrn í þessari ágætu heimsókn.



Eyjólfur Ármannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur úthlutað styrkjum að upphæð 140 milljónum króna til þrettán fjölbreyttra verkefna til að efla byggðir landsins. Framlag styrkjanna kemur af byggðaaætlun. Af þeim verkefnum sem hlutu styrk að þessu sinni eru tvö verkefni í þágu Dalabyggðar. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi sóttu um styrkina og halda utan um verkefnið í samstarfi við Dalabyggð.

Það fyrra hefur yfirskriftina: „**Auðarstofa – Nýsköpunar- og þekkingarsetur í Dalabyggð**“

Styrkupphæð: 13,5 m.kr.

- Verkefnið snýst um að efla Nýsköpunarsetur Dalabyggðar til muna með því að standsetja verklegt rými og setja þar einnig á legg þekkingarsetur. Fyrsta árið verður þróuð stefna og áherslur fræðasetursins, unnið að hönnun rýmisins, ásamt því að unnið yrði að endurbótum á rýminu. Seinna árið yrði unnið markmisst að því að efla starfsemi í setrinu með áherslu á fjölgun sérfræðistarfa og skipulagt fræðsluáttak fyrir frumkvöðla, atvinnurekendur og íbúa. Með þessu er leitast við að skapa sterkari grundvöll fyrir sérfræðistörf í Dalabyggð en einnig að efla getu setursins til að miðla þekkingu til íbúa.

Seinna verkefnið hefur yfirskriftina: „**Hver vegur að heiman er vegurinn heim**“

Styrkupphæð: 10 m.kr.

- Verkefnið snýst um að draga fram og miðla tækifærum innan Dalabyggðar, með það að markmiði að efla byggðafestu. Byggðafesta stendur og fellur með núverandi íbúum og mikilvægt er að sporta við brottflutningi íbúa með öllum ráðum. Þetta á að gera með fjölbreyttum aðferðum, með því að ná bæði til ungs fólks og fullorðinna íbúa. Þróuð veður kennsla í áttahagafræði, skipulagðar fjölbreyttar starfskynningar, búið til tengslanet við fráflutt ungmenni, unnið að vönduðu margmiðlunarefni og skipulögð vönduð fræðsluröð sem eykur þekkingu íbúa á heimabyggð sinni.

Það er von okkar og trú að þróunarverkefni sem þessi efla byggðina enn betur og styðji við önnur framfaraverkefni sem eru í gangi í sveitarfélaginu.



Óformlegt samtal okkar í Dalabyggð við sveitarstjórn Húnaþings vestra um að skoða kosti þess og galla við að sameina þessi tvö landstóru sveitarfélög er í fullum gangi og hafa verið haldnir þrjár fundir starfshóps sem skipaður var og einn sameiginlegur fundur sveitarstjórnanna beggja.

Stefnt er að íbúafundum 8. og 9. apríl að óbreyttu og fer auglýsing í loftið á allra næstu dögum.



Fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi sendu þann 20. febrúar, erindi til forsætisráðherra með ákalli til ríkisstjórnar um neyðarfund og skipan viðbragðshóps stjórnarráðsins um aðgerðir í vegamálum.


Hættustigi var lýst yfir á Vesturlandi þann 13. febrúar sl. vegna bikblæðinga. Stórfelldar bikblæðingar bættust þannig við afar bágborið ástanda á mörgum vegköflum í landshlutanum. Hefur ástandið m.a. verið tilkynnt til Almannavarnanefndar Vesturlands þar sem sveitarstjórnir töldu að neyðarakstri væri stefnt í hættu. Erindið má sjá hér: https://dalir.is/wp-content/uploads/2025/02/Vesturland-erindi-til-rikisstjornar_18022025.pdf

Í framhaldi fóru fulltrúar allra sveitarfélaga á Vesturlandi á fund forsætis- og innviðaráðherra 10. mars sl. Sá fundur var góður og samtalið gott og el ég þá von í brjósti að viðbótar fjármagni verði veitt í vegi á Vesturlandi í ljósi skelfilegrar stöðu sem uppi er.

Íslensk matvæli: Einkamál fárra eða hagsmunir allra?

Samtök bænda héldu málþing 26. febrúar sl. þar sem yfirskriftin var „Íslensk matvæli – einkamál fárra eða hagsmunir allra?“

Undirritaður hélt erindi þar sem megin inntak var mikilvægi landbúnaðar í atvinnulífi Dalabyggðar og nauðsyn þess að kjör bænda styrktust. Hef ég fengið nokkur viðbrögð við þessu erindi og ljóst að þessi vísa verður seint of oft kveðin og áfram skal haldið í þessa veru.






Ævar Kjartansson fyrrverandi útvarpsmaður og nú umsjónarmaður hlaðvarps og landeigandi hér í Dölum kom til mín fyrir stuttu og tókum við samtal um stöðu Dalabyggðar ekki síst úr frá skýrslu þeirri sem unnin var í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, sjá slóð á samtalið hér:

<https://hloduberg.buzzsprout.com/2394178/episodes/16792888-vidtal-vid-bjorn-bjarka-thorsteinsson-sveitarstjora-i-dalabyggd14-3-2025>

Það var gaman að spjalla við Ævar og ljóst að Dalirnir og samfélagið hér er honum hugleikið og full ástæða til að gefa hlaðvarpi hans athygli.



varp Hlöðuberg í Dölum.
eða um skurðpunkt listar,
ennta, náttúru, fræða,
ktúrs hönnunar

HLAÐVARP HLÖÐU

Landsþing sveitarfélaga var haldið þann 20. mars sl. Það sem helst var á baugi þar voru áhrif nýgerðra kjarasamninga við kennarastéttina á rekstur sveitarfélaga og áhrif þeirra aðgerða sem ríkisvaldið tilkynnti um í kjölfar þeirra til að léttja á rekstri sveitarfélaga. Um er að ræða aðkomu ríkisvaldsins hvað varðar börn með sértækan vanda og rekstur fasteigna og uppbyggingu fasteigna fyrir hjúkrunarheimili. Það er fagnaðarefni að bæði hafi náðst samningar við kennarastéttina sem og að ríkið hafi loks eftir langt samtal samþykkt að koma að fyrrgreindum málaflokkum.



PÍNULÍTIÐ FIÐRILDI

eftir Walter W. Ellis

í leikstjórn Skúla Gautasonar



Ég vil koma á framfæri hamingjuóskum til Leikklúbbs Laxdæla með vel heppnaða uppfærslu á leikritinu „Pínulítið fiðrildi“ eftir Walter W. Ellis í leikstjórn Skúla Gautasonar. Það var nánast húsfyllir á öllum sýningum í Dalabúð sem er vel að verki staðið og gekk á ýmsu þar sem t.d. kom upp rafmagnsleysi á einni sýningunni.

Takk öll sem komu að, það er mikil vinna að baki uppfærslu sem þessari.



Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefni eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.